

Duftgarður Fossvogskirkjugarði Fyrst grafið 1948

Upplýsingar um grafreiti fást á skrifstofu Kirkjugarðanna frá kl.8.30-16.00, eða í síma 585-2700.
Einnig á www.gardur.is

Umgengisreglur

Kirkjugarðarnir eru friðhelgir.

Öll óþarfa umferð er bönnuð, leikir og hverskonar hávaði. Börn mega ekki hafast þar við nema í fylgd með fullorðnum, sem bera þá ábyrgð á hegðun þeirra.

Bannað er að fara um garðinn með hunda, hesta og önnur dýr.

Vinsamlegast gangið snyrtilega um garðinn, og notið viðeigandi ruslailat, fyrir liffrænt efni og óliffrænt efni.


Eigi má setja upp girðingar úr steini, málm, timbri eða öðrum efnum um einstök leiði eða fjölskyldugrafreitir.

Tré og runna má ekki gróðursetja án leyfis, hafa skal samráð við garðrjústjóra.

★ Í duftgarðinum er standur með blómavösum fyrir afskorin blóm. Vinsamlega hreinsið vasana eftir notkun og skilið þeim aftur í standinn

Sérstök minnismerki og grafreitir

- Minningaröldur minnisvarði óþekktar sjómansins
- Minnismerki um áhöfn og farþega af flugvélinni Glitfaxa, F - 7
Minnismerkið Glitfaxi eftir Einar Jónsson myndhöggvara
- Minning um líf, minnisvarði um fóstur



Umhirða leiða	Öll umhirða á leiðum yfir sumartímann, s.s sláttur og hirðing, er á höndum starfsmanna Kirkjugarðanna og ekki er tekið gjald fyrir þá þjónustu. Ef aðstandendur vilja gróðursetja sumarblóm á leiði eru þrjár möguleikar:
Blóm á leiði	<ul style="list-style-type: none"> ● Sjá um það sjálfir. ● Kaupa þjónustuna úti í bæ ● Óska eftir því, að starfsmenn Kirkjugarðanna sjái um það gegn gjaldi. Hafa skal samband við skrifstofu Kirkjugarðanna í síma: 585-2700.
Slétta leiði	Starfsmenn Kirkjugarðanna sjá um að slétta leiði og tyrfa. Það er gert án beiðni og kostnaðar, eftir u.þ.b. ár frá greftrun.
Legsteinn og reglur um stærð	Ef aðstandendur ætla að setja legstein á gröfina, er ráðlagt að gera það ekki fyrr en ár er liðið frá greftrun. Þegar hugað er að legsteini, þarf að gæta þess að vissar reglur um stærð minnismerkja eru í gildi. Steinsmiðir og legsteinasalar þekkja reglurnar, einnig veitir garðyrkjustjóri Kirkjugarðanna upplýsingar í síma: 585-2720 eða farsíma: 897-2472 og starfsmenn skrifstofu: 551-8166.
Girðingar og hellur	Ekki er leyfilegt að setja girðingar utan um leiði og einnig óleyfilegt að setja hellur í kringum leiði. Garðyrkjustjóri veitir upplýsingar um frágang leiða í síma: 551-8166 eða farsíma: 897-2472 og starfsmenn skrifstofu í síma: 585-2700.
Gróðursetning	Ef fyrirhugað er að gróðursetja plöntur, s.s. tvíærar eða fjölærar plöntur, tré eða runna, skal hafa samráð við garðyrkjustjóra í síma 897-2472. Blómabeð eru að jafnaði 60x80 cm að stærð, þegar um kistugröf er að ræða.
Jólaskraut á leiðum	Þeir aðstandendur, sem skreyta leiði ástvina sinna um jól og áramót, eru beðnir um að taka skrautið fyrir 1. mars, ef aðstæður leyfa.
Viðgerð á leiðum og minnismerkjum	Viðgerðir á minnismerkjum s.s. vinna við að rétta legsteina, gera við steypuskemmdir o.fl. eru á höndum aðstandenda. Ef aðstandendur standa frammi fyrir viðgerðum eru þrjár möguleikar: <ul style="list-style-type: none"> ● Sjá um það sjálfir. ● Kaupa þjónustuna úti í bæ. ● Óska eftir því að starfsmenn Kirkjugarðanna sjái um það gegn gjaldi. Hafa skal samband við skrifstofu Kirkjugarðanna í síma: 585-2700.
Akstur um garðana er óæskilegur	Að lokum viljum við benda ökumönnum á að leggja bílunum á bílastæðin og ganga um garðana.

Með kveðju frá starfsfólki Kirkjugarðanna.